

Blaða- fulltrúa- skipti

★ Blaðafulltrúaskipti hafa orðið hjá sendiráði Sovétríkjanna hér í borg. Júi Rásjetof, sem gegnt hefur undanfarin ár störfum blaðafulltrúa sendiráðsins, jafnframt því sem hann hefur verið fréttaritari Tass, sovésku fréttastofunnar, hér á landi, hverfur nú til starfa við utanríkisráðuneytið í Moskvu, en við störfum hans í sendiráðinu tekur Sergei Kommisarof.

★ Júi Rásjetof og kona hans Valentína Rásjetova komu til Íslands haustið 1959, en halda á morgun af landi brott. Á þessum tíma hafa þau eignast marga kunningja hér og Júi einkum meðal íslenskra blaðamanna, sem hann hefur haft mikil skipti við og reynzt hin mesta hjálparhella þegar til hefur verið leitað. Það hefur og greitt mjög fyrir góðum samskiptum Rásjetofs og blaðanna, að hann talar íslensku ágætlega vel. Hafði hann um árabíl áður en af Íslandsför varð stundað málanám í Moskvu og kunnir íslensku mætavel þegar hann kom hingað, en síðan hefur hann bætt mjög við íslenskukunnáttu sína.

★ Sergei Kommisarof, eftirmaður Rásjetofs, hefur dvalizt hér á landi nokkur ár og er reykvískum blaðamönnum einnig að góðu kunnur. Hann er snjall málamaður, talar t. d. íslensku allvel.

★ Við Þjóðviljamennt þökkum Rásjetof góð kynni á undanförnum árum og óskum þeim hjónum góðrar ferðar. — Myndin af þeim hjónum var tekin á heimili þeirra í gær. (Ljós. Þjóðv. A. K.)



Rjúpnastrið á Tjörnesi

Skærur milli Húsvík- inga og Keldhverfinga

Húsvík 30/10 — Rjúpnaveiði Húsvíkinga gekk nokkuð vel framan af; fengu margir allgóða veiði í fjöllum hér fyrir austan. Einnig var mikið af rjúpu á Tjörnesgrjótnum. Eftir að gerð hafði verið hörð hrið að þessum fríðsama fugli

fyrstu viku veiðitímans, lét hann undan síga, og leitaði þá inn á yfirráðasvæði Keldhverfinga. En þar var líka fyrir allmikið af rjúpu. Gekk mönnum hefur illa að þekkja sundur þær suður- og norðurþingeyksu og skutu því bara það, sem fyrir varð, — þó ekki nema rjúpu.

Landamæraskærur

Nú þótti Keldhverfingum súrt í broti, að þeirra rjúpnastofn væri drepinn niður sem hrávið af Húsvíkingum, og auglýstu því bann við frekari hernaðaraðgerðum á sinni aftrétt.

Sögur herma, að nokkrir menn heðan hafi af ákafa eða ókunnugleika farið yfir landamærin. En hvað sem satt er í því, vildu Keldhverfingar ekki una slíku. Tóku þeir sig til hinn 21. október og skrifuðu upp alla þá aðkomubíla sem voru innan þeirra hreppsmarka. Svo langt var gengið í þessum uppskriftum, að fríðsamir borgarar, er sátu í bílum sínum við þjóðveginn og drukku kaffi, voru seinna látnir gera grein fyrir ferðum sínum frammi fyrir löggæzlumönnum er fengu þessi mál til meðferðar. Síðustu dagana hafa allar

skærur legið niðri, enda er veðurfarir þannig háttað, að hvorki hefur víðrað til rjúpnaveiða né landamæravarðstöðu. En búast má við, að aftur lifni í glæðunum þegar birtir í lofti. — HJ.

Sýning Ásgerðar Búadóttur opin til þriðjudags

Sýning Ásgerðar Búadóttur á myndvefnaði hefur nú verið opin í viku. Aðsókn hefur verið allgóð og nokkur verk hafa þegar selzt. Þessi fyrsta sýning sem haldin er hér á landi á myndvefnaði eingöngu verður opin til þriðjudagskvölds í vinnustofu listakonunnar að Karfavogi 22.

ÞJÓÐVILJINN

Laugardagur 3. nóvember 1962 — 27. árgangur — 240. tölublað.

Rekstur Vetrargarðsins leyfður til áramóta

Á fundi borgarstjórnar í fyrradag gerði Guðmundur Vigfússon það að umræðuefni, að heilbrigðisnefnd hefur samþykkt að veita Sigurbirni Elríkssyni bráðabirgðaleyfi til þess að starfrækja Vetrargarðinn við Njarðargötu til 1. janúar, en hann hafði sótt um að fá leyfið framlengt í eitt ár.

Guðmundur benti á, að starfsemi Vetrargarðsins hefði verið til lítillar þrýði í bæjarlífinu á undanförnum árum, þetta væri lakasti skemmtistaður bæjarins, húsnæði lélegt og meira hefði borið þar á óreglu en annars staðar og fullnægði Vetrargarðurinn engan veginn þeim skilyrðum sem ættu að vera fyrir hendi til slíkrar starfsemi. Taldi Guðmundur enga ástæðu til þess að veita bráðabirgðaleyfi til áframhaldandi starfrækslu og flutti tillögu þess efnis að borgarstjórn veitti ekki leyfið og fæli heilbrigðisnefnd að framfylgja því, að þeirri samþykkt yrði framfylgt.

Birgir Ísleifur Gunnarsson viðurkenndi, að um margra ára skeið hefði farið misjafnt orð af rekstri samkomuhúss þessa, en sagði, að kvartanir yfir staðnum hefðu minnkað að undanförnu. Taldi hann rétt að veita umsækjanda nokkurn frest og væri óeðlilegt að loka húsinu fyrirvaralaust.

Guðmundur Vigfússon sagði, að

fbúar í nágrenni Vetrargarðsins hefðu þráfallega kvartað yfir ónæði af völdum hans en vera mætti, að þeir væru nú orðnir þreyttir á árangurslausum kvörtunum. Taldi hann hættu vera á því, að bráðabirgðaleyfið yrði framlengt, ef það yrði veitt á annað borð og kvaðst því halda fast við tillögu sína.

Tillaga Guðmundar var felld með 9 atkvæðum gegn 3 og bráðabirgðaleyfið síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3.

Slys af völdum hálfu á Selfossi

Selfossi 2/11 — Hálfur hefur verið mjög mikill hér á Selfossi í dag og gær og hafa hlotizt slys af í gær datt maður og fótbrotnaði. Sigurður Hermannsson frá Blesastöðum á Skeiðum, nemandi í Iðnskólanum hér á staðnum. Í dag datt Áslaug Símonardóttir á hálfu og meiddist allmikið í baki. Þá skeið það einnig í dag að tvær bifreiðir rákust saman á Grímsnesvegi vegna hálfu. Urðu talsverðar skemmdir á farartækjunum en meisló ekki á mönnunum. — SS.

Félagsvist að „REIN.“

Fyrsta félagsvist vetrarsins verður haldin að Rein í kvöld og hefst klukkan níu.

Góð verðlaun. Dansað til klukkan tvö. Hin vinsæla hljómsveit hússins leikur fyrir dansinum.

Vöruskiptin óhag- stæð um 102 millj.

Í lok septembermánaðar var vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd orðinn óhagstæður um 101,9 milljónir króna. Út höfðu þá verið fluttar vörur fyrir 2513 millj. króna en innflutningurinn nam þessa 9 mánuði 2614,9 milljónum.

Sömu mánuði í fyrra voru vöruskiptin óhagstæð um 190,7 millj. króna. Þá voru fluttar út vörur fyrir 2047,1 millj. en inn fyrir 2237,8 milljónir.

Skip og flugvélar voru fluttar inn fyrstu 9 mánuði þessa árs

fyrir 69,2 milljónir, en á sama tíma í fyrra fyrir 90,6 milljónir króna.

Í septembermánuði sl. var vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd óhagstæður um 44,3 millj. kr. Innflutningur nam 304,2 milljónum en útflytingurinn 259,8 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að í þessum mánuði í fyrra, var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 47 milljónir króna. Innflutningurinn nam þá 251,4 millj. kr. en útflytingurinn 298,4 millj.

Íslenzka kvikmyndin „Slys“ vekur athygli

Síðastliðinn vetur lét Slysavarnafélag Íslands gera kvikmynd um slys. Fræðslumyndasafn ríkisins tók að sér að sjá um gerð myndarinnar og fékk til þess Reyni Oddsson kvikmyndagerðarmann. Hann vann myndina að öllu leyti. Gerði handritið, annaðist leikstjórn, myndatöku og klippingu. Myndin hlaut nafnið Slys og tekur u. b. 15 mínútur í sýningu.

Myndin var send á alþjóðlega kvikmyndahátíð í Cork í Írlandi í sumar. Er skemmt frá því að segja að hún vakti mikla athygli og hlaut afburðagóða dóma.

Aðalfundur Félags íslenskra listdansara var haldinn 20. f.m. Stjórnin var endurkosin, en hana skipa: Sigríður Ármann, formaður, Katrín Guðjónsdóttir, ritari, Guðný Pétursdóttir, gjaldkeri og Edda Scheving og Björg Bjarnadóttir meðstjórnendur.

Þá þegar gerði stórt brekkt dreifingarfyrirtæki fyrirsögn um myndina og síðan hafa komið fyrirsögnir um hana frá 13 þjóðum m. a. alla leið frá Indlandi. Nú eru til 10 eintök af henni og er eitt þeirra í Frakklandi, þar eð mælt hefur verið með því að franska ríkið kaupi hana til notkunar í skólum.

Fréttamönnum gafst í fyrradag kostur á að sjá myndina, en hún verður fyrst sinn aukamynd á öllum sýningum Gamla bíós. Ekkert orð er talað í myndinni, enda óþarfi, því myndin talar skýru máli. Slysio sjálfst sést aðrei, heldur aðeins afleiðingar þess. Sjúkrabíllinn, spítalinn og lítill vinkona hinnar slösuðu telpu.

Mynd þessi verður nú tekin til sýningar á námskeiðum Slysavarnafélagsins og í skólum landsins og er ekkert vafamál að hún bæti úr mjög brýnni þörf og er vænleg til að hafa góð áhrif á börn og unglinga. — G.O.

Telpan var flutt í sjúkrahús

Í frétt í blaðinu í gær var frá því sagt, að tvö ung systkini urðu fyrir bifreið á Lynghaga í fyrradag og hlutu bæði nokkur meisló. Telpan, sem er fjögurra ára gömul, hefur nú verið flutt í sjúkrahús, en hún hafði fengið heilahristing.

LAUGARVATNI 2/11 — Í upp-

sveitum Árnessýslu hefur verið óvenju kalt undanfarið, eða frá því að veturinn hélt innreið sína. Snjór er orðinn það mikill, að færð á vegum er farin að spillast að mun, og eru þeir lítt færir smærri bílum, sem ekki hafa drif á öllum hjólum. Ekkert hefur þó verið rutt af vegum hér í nágrenninu.

Fé á gjöf —

en fjárheimtur slæmar Bændur hafa tekið fé á gjöf, en fjárheimtur eru í verra lagi enn sem komið er, enda óvenju smæmt að hýsa fé um þetta leyti.

Á Lyngdalsheiði er gott beiti-land og er þar jafnan margt af búfé fram eftir hausti, eða þar til snjóa tekur að festa. Undan-

farna daga hafa bændur úr Laugardal og Grímsnesi, er eiga lönd nálægt Lyngdalsheiði, unnið að því að smala fé sínu af heiðinni við erfið skilyrði vegna snjóbýngsla.

Smalað með jarðýtu

Í gærdag (fimmtudag) tóku bændur það ráð að fara með jarðýtu til að ryðja braut því fé, er enn var eftir á heiðinni. Fundu þeir þá milli 90 og 100 kindur. Farið var með jarðýtuna Þingvallaveg, frá Laugarvatni og yfir Laugarvatnsvelli og á Lyngdalsheiði, 20—30 km leið. Ýtan var með tengivagn og voru settar í hann kindur, sem ekki voru göngufærar.

Lítill hey —

langur vetur?

Þess má geta, að einn bóndinn, Jón Teitsson í Eyvindartungu, fann kind eina fasta í fönn og var hún dýrbitin, en lifandi. Alls munu hafa komið úr heiðinni yfir 300 fjár.

Heyfengur bænda er minni nú en undanfarin ár, og eru menn því illa búnir undir langan vetur.

ÁSKRIFENDASÖFNUNIN

MUNIÐ: 1000 nýir áskrifendur fyrir 25. nóvember! — Takið

ykkur til fyrirmyndar félagann úr Kópavogi, sem aflaði blaðinu

fimm nýrra áskrifenda í fyrradag.

Tekið á móti áskriftum í sínum: 17500, 22396, 17510 og 17511.

SAFNIÐ ÁSKRIFENDUM!